



Maí 2026
Hveragerðisbær

Fráveita Hveragerðis - Stækkun skólphreinsistöðvar

Fyrirspurn um matsskyldu



Fráveita Hveragerðis - Stækkun skólphreinsistöðvar

Fyrirspurn um matsskyldu

Verknúmer

A272239

Útgáfa	Útgáfudagur	Lýsing	Unnið af	Rýnir	Samþykkt
01	04.03.2026	Fyrirspurn um matsskyldu	GMGU	RUDBJ/BRYBJ/KAT RR	GMGU
02	13.05.2026	Fyrirspurn um matsskyldu. Uppfært mv. athugasemdir frá HMS	GMGU	RUDBJ/BRYBJ/KAT RR	GMGU

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
1.1	Tilgangur og markmið	4
1.2	Framkvæmdin er tilkynningarskyld	4
1.3	Samráð og leyfi	5
2	Staðhættir	6
2.1	Verndarsvæði	11
2.2	Náttúrufar	11
2.3	Vatnshlot	12
2.4	Fornminjar	12
2.5	Framkvæmdalýsing	13
2.6	Rekstur	14
3	Skipulagsmál	18
3.1	Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029	18
3.2	Deiliskipulag	18
4	Mat á umhverfisáhrifum.....	19
4.1	Helstu umhverfispættir	19
5	Niðurstaða	22

1 Inngangur

1.1 Tilgangur og markmið

Skólphreinsistöð Hveragerðisbæjar stendur við Vorsabæ 14 í Hveragerði, rétt sunnan við Suðurlandsveg í landi Vorsabæjar. Til stendur að stækka hreinsistöðina en það er gert til að mæta vaxandi íbúafjölda og atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu. Hreinsistöðin er hönnuð fyrir um 4.400 persónueiningar en er í dag að taka við skólpi frá um 7.000 persónueiningum og stöðin því komin yfir þolmörk. Með breytingunni eykst afkastagetan upp í 10.000 persónueiningar en auk þess mun nýr búnaður bæta hreinsun skólps.

Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi húsnæði hreinsistöðvarinnar ásamt viðbótarbyggingu, en grunnflötur hennar er um 390 m². Nýbyggingin verður staðsett til móts við núverandi byggingu, innan skilgreinds byggingarreits, sjá mynd 1.1.



Mynd 1.1 Byggingarreitur hreinsistöðvarinnar merktur með rauðum ferhyrning. Mynd úr gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.¹

1.2 Framkvæmdin er tilkynningarskyld

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnunar (HMS) skv. flokki B, sbr. tl. 11.05 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda

¹ [Hreinsistöð, stækkun - Deiliskipulagsbreyting](#)

og áætlana nr. 111/2021. Sá flokkur tekur til skólphreinsivirkja frá íbúðarbyggð eða atvinnustarfsemi með afkastagetu a.m.k. 2.000 persónueininga.

1.3 Samráð og leyfi

Samráð er haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þá er framkvæmdin háð eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi skv. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.
- Framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnuresktri og mengunarvarnarerfitlit og reglugerð 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Leyfi fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 vegna mögulegra áhrifa á framkvæmdartíma.
- Leyfi Minjastofnunar þar sem framkvæmdir fara fram á friðhelguðu svæði umhverfis fornleifar. Ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir verður haft samband við Minjastofnun og framkvæmdir stöðvaðar þar til leyfi Minjastofnunar fæst skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2 Staðhættir

Skólphreinsistöðin er staðsett innan svæðis sem nefnist Vorsabær í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029² og er staðsett sunnan við Suðurlandsveg vestan Varmár. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði og er um 11 ha, en lóð hreinsistöðvarinnar eru rúmir 7 ha að flatarmáli. Norðan megin við lóð hreinsistöðvarinnar er gert ráð fyrir útivistarsvæði fyrir hunda. Svæðið afmarkast af veghelgunarsvæði Suðurlandsvegur til norðurs, Varmá til austurs, landi Öxnalækjar til suðurs og athafnarsvæði AT2 til vesturs.

Svæðið er nokkuð flatt frá bökkum Varmár en hækkar nokkuð upp að hraunsléttunni ofan stöðvarsvæðisins. Landið er að mestu gróin tún og mosa- og sinuvaxnir hraungeirar. Á mynd 2.1 má sjá kort af svæðinu. Á myndum 2.2 – 2.7 má svo sjá hvernig umhorfs er á svæðinu.

Frá hreinsistöðinni eru tæplega 300 metrar í næstu íbúðarbyggð við Hjallabrún og Hólmabrún í Hveragerði norðan Suðurlandsvegur. Þá eru yfir 400 metrar í bæinn Öxnalæk og í svæði Eldhesta og íbúðarbyggðina Grástein austan Varmár.

Samhliða Suðurlandsvegi liggja tvær af loftlínunum Landsnets, Sogslína 2 og Lækjartúnslína 1. Þá stendur til að leggja Þorlákshafnarlínu 2 í jörðu sunnan við Suðurlandsveg. Fyrirhugaðar framkvæmdir við hreinsistöð fara fram í jaðri helgunarsvæðis Lækjartúnslínu 1.

Aðkoma að hreinsistöðinni er um Öxnalækjarveg og gegnum atvinnusvæðið. Fyrir framan núverandi byggingu er bílastæði og athafnasvæði en nýja byggingin mun verða staðsett hinum megin við planið til móts við núverandi byggingu. Hluti framkvæmdarinnar felst í því að grafa fyrir nýrri tengingu við aðrennislögnina frá Hveragerði, sjá mynd 2.9. Framkvæmdir við lögnina munu að einhverju leyti ná út fyrir skilgreindan byggingarreit en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að rask muni verða utan byggingarreits.

Neðan við hreinsistöðina, nær Varmá, er malarsíusvæði. Síusvæðið verður tekið úr notkun með breytingum á stöðinni og verður gengið frá því síðar meir. Sú framkvæmd er ekki hluti af þeim framkvæmdum sem fjallað er um hér. Malarsíum verður til að byrja með haldið til þess að taka við yfirfalli í neyðartilfellum ef allt annað bregst. Ef hins vegar kemur í ljós að það er með öllu óþarft verður jarðvegi jafnað yfir svæðið og gróður endurheimtur þar. Þar sem svæðið er mjög nálægt Varmá og innan lóðar skólphreinsistöðvarinnar þar sem lagnir munu áfram liggja er ólíklegt að nokkur frekari umsvif verði á svæðinu nema þá tengd stöðinni sjálfri. Að því sögðu ættu ekki að vera neinar takmarkanir á notkun svæðisins.

² Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029 - Greinargerð



Mynd 2.1 Staðsetning byggingarreits og svæðið umhverfis hann.



Mynd 2.2 Núverandi bygging hreinsistöðvarinnar



Mynd 2.3 Horft ofan af núverandi byggingu yfir á framkvæmdasvæði hinum megin við planið. Varmá í bakgrunni.



Mynd 2.4 Umhverfi hreinsistöðvar. Horft í austur, norðan við hreinsistöðina. Á myndinni sjást Sogslína 2 og Lækjartúnslína 1, og Suðurlandsvegur í bakgrunni.



Mynd 2.5 Umhverfi hreinsistöðvar. Horft í suður, norðan við hreinsistöðina. Tengivirki Landsnets og byggingar við Vallaveg austan við Varmá í bakgrunni.



Mynd 2.6 Varmá við útrásarlögn



Mynd 2.7 Síubeð við skólphreinsistöðina. Endurheimt svæðisins myndi fela í sér að hylja beðin með jarðvegi og rækta þau upp.

2.1 Verndarsvæði

Austan við svæðið rennur Varmá en áin og bakkar hennar eru á C-hluta náttúru-minjaskrár – svæði nr. 751. Varmá og Ölfusforir.³ Þá heyrir áin og bakkar hennar undir hverfisvernd HV1 skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029. Framkvæmdir eru utan marka þessara verndarsvæða. Þá munu framkvæmdir ekki fara fram á vatnsverndarsvæði eða í nágrenni við vatnsból.

2.2 Náttúrufar

Gróður

Svæðið sem framkvæmdir fara fram á flokkast sem tún og akurlendi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁴ Að öðru leyti einkennist nágrenni svæðisins af hraunlendi, aðallega Mosahraunavist og Fléttuhraunavist. Um er að ræða vistgerðir sem hafa miðlungs verndargildi. Framkvæmdir munu ekki valda raski á þessum vistgerðum eða öðrum vistgerðum sem hafa verndargildi.

Fuglar

Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi⁵ og er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands. Svæðið er víðfeðmt og nær frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði, alls 340.000 ha. Á svæðinu er mikið fuglalíf, m.a. þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Þá dvelja farfuglar þar hópum saman vor og haust og

³ [Umhverfisstofnun | Suðurland](#)

⁴ [Náttúrufræðistofnun - Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi](#)

⁵ [Suðurlandsundirlendi | Náttúrufræðistofnun](#)

töluvert fuglalíf er á vetrum við auðar ár og vötn. Suðurlandsundirlendi hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álft og skúm og á fartíma fyrir álft, heiðagæs, blesgæs og grágæs.

Jarðmyndanir

Jarðmyndanir á svæðinu einkennast af forsögulegu hrauni, Hellisheiðarhrauni, sem er um 10.300 ára. Um er að ræða eldhraun á nútíma sem nýtur verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

2.3 Vatnshlot

Grunnvatnshlotin á svæðinu eru tvö, Ölfusstraumur Forir (103-202-G) og Ölfusstraumur Ingólfsfjall (103-260-G). Þá eru tvö yfirborðsvatnshlot á áhrifasvæðinu, straumvatnshlotið Varmá (103-792-R) og árósavatnshlotið Ölfusárósar (103-201-T).

Samkvæmt Vatnavefsja⁶ er skráð staðbundið álag á straumvatnshlotið Varmá vegna skólps og fráveitu frá núverandi skólphreinsistöð og fráveitu landeldis við Öxnalæk. Aðrir álagsþættir sem ekki eru skráðir eru t.d. vegagerð, þéttbýli í Hveragerði og landbúnaður. Ekkert skráð álag er á grunnvatnshlotin skv. Vatnavefsja en neysluvatnstaka er í báðum vatnshlotum. Ekkert álag er skráð á Ölfusárósa skv. Vatnavefsja.

Ástand grunnvatnshlotanna Ölfusstraumur Ingólfsfjall og Ölfusstraumur Forir og árósarvatnshlotsins Ölfusárós er óflokkað/óþekkt skv. Vatnavefsja. Vistfræðilegt ástand Varmár er óflokkað þar sem upplýsingar vantar skv. Vatnavefsja, en efnafræðilegt ástand er sagt gott byggt á sjálfvirkri flokkun á mæligögnum frá 12.05.2022. Árið 2023 var lokað fyrir veiði í Varmá um ótilgreindan tíma vegna mengunar frá núverandi skólphreinsistöð, þar sem hreinsistöðin annar ekki lengur íbúum og ferðamönnum í bænum.⁷ og hefur bakteríumagn í ánni mælst yfir mörkum neðan hreinsistöðvarinnar. Núverandi vatnsgæði í ánni eru ekki nægjanleg skv. umhverfisfulltrúa Hveragerðisbæjar og bakteríumagn í ánni mælst hátt.⁸ Nánar er fjallað um vatnshlot í áhrifamati vatnshlota (Viðauki 1).

2.4 Fornminjar

Upplýsingar um fornminjar byggja á skráningu sem fór fram 2002.⁹ Hnitaskráin er gömul og gæti því verið einhver ónákvæmni í henni. Þá hafa eldri framkvæmdir þegar haft áhrif á minjar innan svæðisins. Fyrir liggur umsögn minjavarðar frá 12. febrúar 2020. Innan skipulagssvæðisins eru minjar sem ber að vernda, en þær má sjá á gildandi deiliskipulagi.¹⁰ Á framkvæmdatíma skal girða af minjastaði og ef hætta er á að þeir verði fyrir skemmdum skal senda erindi þess efnis á Minjastofnun.

Þær minjar sem standa næst fyrirhuguðum framkvæmdum er Sognstöft (ÁR-521:020), sjá mynd 2.1. Um töftina segir í fornleifaskráningu: „Tóftin er enn greinileg um 50 m vestan við Balahús (018). Grasi gróíð hraun. Tóftin er alveg gróin að utan en grjóthleðslur má greina að innan, sérstaklega í norður- og austurvegg. Tóftin er 7 X 5,5 m að stærð og hleðslurnar eru mest 0,8 m á hæð. Op er á suðurhlið töftarinnar.“

Ekki stendur til að hrófla við töftinni og verður hún girt af á framkvæmdatíma. Þó verður ekki komist hjá framkvæmdum innan friðhelgaðs svæðis töftarinnar þar sem grafa þarf fyrir nýrri tengingu við aðrennislögnina frá Hveragerði, sjá mynd 2.9. Samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem njóta friðunar, vera 15 metrar nema annað sé ákveðið. Hafa verður samráð og sækja um heimild Minjastofnunar.

⁶ [Vatnavefsja](#)

⁷ [Bæjarráð - 814. fundur - 10.08.2023 | Hveragerði](#)

⁸ [Vegna vatnsgæða í Varmá. | Hveragerði. 04.04.2023](#)

⁹ Elín Ósk Hreiðarsóttir. 2002. Fornleifaskráning í Hveragerði. 2. útgáfa. FS187-00172

¹⁰ [Hreinsistöð, stækkun - Deiliskipulagsbreyting](#)


2.5 Framkvæmdalýsing

Núverandi skólphreinsistöð var tekin í notkun árið 2002. Stækkun hreinsistöðvarinnar felst bæði í breytingum á núverandi bygginu auk þess sem nýrri byggingu verður komið fyrir til móts við núverandi byggingu. Grunnflötur nýbyggingarinnar er um 390 m² og verður hún á þremur pöllum.

Nýja byggingin verður grunduð á fyllingu. Byggingin er steinsteypt með stálbitum í þaki. Þakið er einhallandi með 5° halla og er klætt með yleiningum. Útveggir verða klæddir með bárujárni/álklæðningu. Litur byggingarinnar er áætlaður í dökkum náttúruleitum svo byggingin blandist inn í umhverfið. Lokaskipulag og klæðning verður útfært nánar í samstarfi við arkitektinn í lokahönnun. Útlit byggingarinnar má sjá á mynd 2.8.

Hluti byggingarinnar verður fyrir neðan núverandi klapparyfirborð. Áætlað er að bergþykkt sem þarf að fjarlægja sé um 1-3 metrar þar sem gólf bygginganna mun vera í kóta á bilinu 15,2–18,5 metrar og lægsti punktur þróna verður 13,80 metrar yfir sjávarmáli.

Töluvert af pípum og köplum þarf að leggja milli núverandi byggingar og nýju byggingarinnar og verður því hluti svæðisins milli bygginga grafið út við framkvæmdirnar. Þá þarf að grafa fyrir nýrri tengingu við aðrennslislögnina frá þéttbýlinu í Hveragerði og koma fyrir nýjum forsmíðuðum inntaksbrunni (þvermál ~1,5 m) við hlið núverandi inntaksbrunnis, sjá mynd 2.9.



Mynd 2.8 Útlit byggingarinnar

Úr sand- og fitugildrunni fer skólpið yfir í gömlu bygginguna þar sem eru fjórir MBBR¹¹ tankar. Í tönkunum fer vatnið í gegnum lífræna meðhöndlun þar sem bakteríur sjá um að fjarlægja lífrænu efnin úr skólpinu.

Skólpið fer svo aftur yfir í nýju bygginguna þar sem það fer í gegnum útrenslissíur sem sjá um að fjarlægja seyrur sem berst með skólpinu frá MBBR-prónum. Hvor síða hefur afkastagetu sem samsvarar hönnunarrennslinu og vinna samhliða til að tryggja fulla hreinsun á meðan á þjónustu og viðhaldi síanna stendur. Hvor síða hefur innbyggt yfirfall til að koma í veg fyrir ofhleðslu síanna. Útrenslissíurnar koma í stað setþróa. Fitu og olíu úr fitugildrunni og seyrur úr útrenslissíunum er dælt yfir í núverandi byggingu þar sem seyrupykking fer fram.

Eftir útrenslissíurnar fer skólpið í gegnum UV-sóttthreinsikerfi sem sér um að drepa bakteríur í skólpinu. Um er að ræða nýtt hreinsiprep sem bætir hreinsun skólpsins. Magn skólps er mælt með rennismæli áður en vatnið fer út með útrásarlögninni og út í Varmá.

Núverandi hreinsistöð er hönnuð til að meðhöndla rennsli uppá 80 m³/klst að meðaltali og 120 m³/klst að hámarki. Mælingar frá árinu 2023 sýndu meðalrennsli er um 100 m³/klst og hámarksrennsli allt að 200 m³/klst. Skólp og regnvatn rennur um aðskilin dreifikerfi í Hveragerðisbæ en rennsli gefur til kynna að hluti regnvatns fari um skólphreinsistöðina.

Stækkuð hreinsistöð er hönnuð til að meðhöndla rennsli uppá a.m.k. 100 m³/klst að meðaltali og 300 m³/klst að hámarki. Þá er stöðin hönnuð til þess að uppfylla skilyrði um styrk skv. töflum í viðauka I og II í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Í töflunum eru gefin upp losunarmörk fyrir tveggja þrepa hreinsun og fyrir skólp á viðkvæmum svæðum. Gildin má sjá í töflu 2-1. Til að minnka gerlastyrk í ánni er UV hreinsuninni bætt við.

Tafla 2.1 Losunarmörk fyrir tveggja þrepa hreinsun og fyrir skólp á viðkvæmum svæðum skv. viðauka I og II í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Uppfylla þarf kröfur um lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta eða styrk.

Færíbreytur	Lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta	Styrkur	Eining
Líffræðileg súrefnisþörf (BOD við 20°C)	70-90%	25	mg/l
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	>75%	125	mg/l
Heildarmagn svífagna (SS)	>90%	35	mg/l
Heildarstyrkur köfnunarefnis (TN)	>70%	15	mg/l
Heildarstyrkur fosfórs (TP)	>80%	2	mg/l
Gerlamengun	Fjöldi hitapolinna kólíabaktería eða saurkólígerla eða saurkokka skal utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml. Þar sem útvistarsvæði eru við fjörur ellegar matvælaíðnaður í grennd skal fjöldi hitapolinna kólíabaktería eða saurkokka í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis.		

2.6.1 Rekstur meðan á framkvæmdum stendur

Framkvæmdinni er skipt upp í þrjá áfanga. Áfangi 1 felst í framkvæmdum við nýju bygginguna auk þess sem tengingar við núverandi byggingu verða lagðar og mun því ekki hafa áhrif á starfsemi stöðvarinnar eins og hún er í dag.

Áfangar 2 og 3 felast í framkvæmdum við núverandi húsnæði og frágangi á tengingum við nýbyggingu. Á meðan á þessum framkvæmdum stendur verður komið á bráðabirgðatengingum sem nauðsynlegar eru til að halda uppi starfsemi.

Ekki liggur fyrir endanlega hvernig meðhöndlun skólps verði háttáð meðan á framkvæmdum stendur en það verður útfært nánar í fullnaðarhönnun. Á meðan á áfanga 2 stendur er líklegt að skólp muni tímabundið einungis fara í gegnum eins þreps hreinsun, þ.e. grófsíur og sand- og fitugildru. Það felur í sér að sandur og olía er fjarlægð auk þess sem styrkur BOD (líffræðileg súrefnisþörf) og fjöldi

¹¹ Moving Bed Biofilm Reactor

svifagna minnkar. Eins þreps hreinsun hreinsar hins vegar ekki næringarefni úr frárennslinu eða aðeins að litlum hluta. Þar sem núverandi hreinsun er mjög óskilvirk er gert ráð fyrir þetta muni hafa lítil áhrif á líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti Varmár en ekki er gert ráð fyrir að ástand Varmár hnigni meðan á framkvæmdum stendur þar sem núverandi ástand Varmár er ekki viðunandi.

Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag á hreinsun muni standa yfir í u.þ.b. 6 mánuði. Ákjósanlegt væri að framkvæmdir við áfanga 2 færu fram yfir vetrartímann þegar lífríki í ánni er í lágmarki. Þá má einnig búast við að álag á skólperfið t.a.m. vegna ferðamanna verði í lágmarki. Í lok áfangans verður lífræn meðhöndlun komin í gang og áfangi 3 hefst. Þá verða útrenslissíur og UV-sóttgreinsun tekin í notkun og endanlegar tengingar gerðar og bráðabirgðalagnir fjarlægðar.

2.6.2 Mengun

Vatn

Tilgangurinn með stækkun skólphreinsistöðvarinnar er að auka afkastagetu stöðvarinnar, auk þess sem nýr búnaður mun bæta hreinsun skólps.

Loft

Í nýju byggingunni fer útblástursloftið frá aflfræðilegu forhreinuninni í gegnum lyktarsíu áður en það er losað. Um er að ræða lífssíu (e. bio filter) sem notar örsmáar lífverur og sveppi til að hreinsa rokgjörn lífræn efni og lykt úr loftinu. Hreinsun og losunskólps getur haft í för með sér lyktarónæði en hætta á lyktarmengun mun minnka töluvert með nýjum búnaði og aukinni afkastagetu. Þá mun hreinsun á öllum búnaði stöðvarinnar og tæming á úrgangi auk þess fara fram reglulega til að koma í veg fyrir lyktarónæði. Engin loftmengun er frá hreinsistöðinni.

Hávaði

Engin hávaðamengun er frá hreinsistöðinni.

2.6.3 Úrgangur og frárennsli

Úrgangi úr grófsíum er safnað saman í gáma sem tæmdir eru reglulega og innihaldið sent til urðunar. Þá fer sandur sem síast frá í gegnum sandhreinsi og þaðan í gám sem tæmdur er reglulega. Áætlað er að þegar nýja stöðin er komin í gagnið falli til um 7-8 tonn af ristarúrgangi á ári og allt að 5-6 tonn af sandi.

Fitu og olíu úr fitugildrunni og seyrú úr útrenslissíunum er dælt yfir í núverandi byggingu þar sem seyrupykking fer fram. Í dag er seyra meðhöndluð með kalki í skólphreinsistöðinni og hún flutt í seyrúvinnsluna á Flúðum þar sem hún fer til dreifingar á uppblásnu landi á hálendinu. Sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að seyrúvinnslunni á Flúðum. Seyruverkefnið er rekið undir byggðasamlaginu Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. (UTU). Seyran er flutt með þeim hætti að henni er safnað í lokuð fiskikör sem síðan fara á gámafleti. Þaðan er þeim ekið til Flúða þar sem verktaki á vegum seyrúvinnslunnar tekur við henni til dreifingar. Á mynd 2.10 má sjá kör með seyrú tilbúin til flutninga á Flúðir.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og er stefnt að því að halda því áfram enda samstarfið við Umhverfis- og tæknisvið uppsveita reynst einstaklega gott. Ef sambærilegt verkefni kæmi hins vegar til nær Hveragerði kæmi til greina að taka þátt í því til að minnka kostnað og mengun tengdum flutningum seyrunnar. Í dag falla um 100 – 120 tonn af seyrú til í skólphreinsistöðinni. Með umbótum á stöðinni og bættri meðhöndlun er magn seyrú áætlað um 700-900 tonn á ári.



Mynd 2.10 Kör með seyru tilbúin til flutninga á Flúðir.

3 Skipulagsmál

3.1 Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029

Byggingarreiturinn er á svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði, reitur I1, í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.¹² Svæðið er ætlað til fráveitu Hveragerðisbæjar. Skilmálar fyrir reitinn skv. aðalskipulag eru eftirfarandi:

I10I: „Reiturinn rúmar stækkun hreinsistöðvar og aðra starfsemi tengda henni. Gert er ráð fyrir að gásmastöð bæjarins færist á reitinn þegar Suðurlandsvegur hefur verið færður og undirgögn eru komin undir Suðurlandsveg. Á svæðinu eru nokkrar skráðar fornleifar og skal huga sérstaklega að þeim áður en framkvæmdir hefjast.“

Fyrirhuguð stækkun rúmast innan skilgreinds iðnaðarsvæðis. Ekki þarf því að koma til breytinga á aðalskipulagi.

3.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir svæðið Vorsabæ var samþykkt í mars 2001.¹³ Í mars 2020 var samþykkt deiliskipulagsbreyting sem nær yfir stækkun hreinsistöðvarinnar.¹⁴ Eftirfarandi skilmálar eru settir varðandi byggingarreit og byggingarmagn:

„Hámark byggingarmagns innan lóðar er 1000 m². Allar byggingar og byggingarluta skal reisa innan byggingarreits. Byggingarreitur er um 4.300 m² að flatarmáli. [...] Við hönnun og stækkun hreinsistöðvar, skal hæð mænis ekki yfirstíga 8 m hæð frá gólfplötu og að þakhalli ekki vera meira en 25°. Mænistefna er gefin frjáls.“

Fyrirhuguð stækkun rúmast innan leyfilegs byggingarmagns og er innan byggingarreits. Ekki þarf því að koma til breytinga á deiliskipulagi.

¹² Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029 - Greinargerð

¹³ Vorsabær, hreinsistöð - Deiliskipulag

¹⁴ Hreinsistöð, stækkun - Deiliskipulagsbreyting

4 Mat á umhverfisáhrifum

4.1 Helstu umhverfispættir

Framkvæmdir við bygginguna sjálfa og lagnir eru þeir framkvæmdapættir sem valda raski og breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti. Þá mun helstu áhrifa gæta á framkvæmdatíma. Þeir umhverfispættir sem talið er að orðið geti fyrir áhrifum vegna framkvæmda eru eftirfarandi:

- Ásýnd
- Samfélag
- Náttúrufar
- Vatnsgæði og lífríki í vatni
- Fornminjar

Hér á eftir er lýsing á hugsanlegum áhrifum á hvern umhverfispátt fyrir sig.

4.1.1 Ásýnd

Möguleg ásýndaráhrif framkvæmdarinnar felast aðallega í mannvirkjagerð innan byggingarreits. Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er staðsett innan byggingarreits til móts við núverandi byggingu. Rask mun aðallega fara fram innan byggingarreits á svæði sem þegar hefur orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda. Þá verður lögð áhersla á að lágmarka rask og vanda til verka við yfirborðsfrágang.

Byggingin er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þá er áætlað er að klæðning byggingarinnar verði í dökkum náttúrulitum svo byggingin blandist vel inn í umhverfið en útlit verður nánar útfært í samstarfi við arkitekt. Nokkur fjarlægð er í stöðina frá næstu íbúðarbyggð og skýlir gróður henni að miklu leyti en byggingin mun sjást frá Suðurlandsvegi.

Vegna þeirrar starfsemi og þeirra mannvirkja sem er á svæðinu í dag, bæði núverandi hreinsistöðvar og athafnasvæðisins er ekki verið að breyta ásýnd svæðisins svo um munar og því eru áhrif á ásýnd talin óveruleg.

4.1.2 Samfélag

Hreinsun og losun skólps getur haft í för með sér lyktarónæði en lyktarmengun er aðallega bundin við næsta nágrenni stöðvarinnar og útrás í Varmá. Hætta á lyktarmengun mun minnka töluvert með nýjum búnaði og aukinni afkastagetu.

Á framkvæmdatíma mun helst gæta umsvifa innan byggingarreits með tilheyrandi hávaða auk umferðar vinnutækja um Öxnalækjarveg. Um er að ræða tímabundin áhrif. Enginn hávaði er frá hreinsistöðinni á rekstrartíma. Vegna fjarlægðar í næstu viðtaka eru framkvæmdirnar ekki taldar hafa mikil áhrif á aðra starfsemi á svæðinu eða íbúa í nágrenninu.

Þar sem ástandið mun batna miðað við núverandi aðstæður eru áhrif vegna framkvæmda metin nokkuð jákvæð á samfélag.

4.1.3 Náttúrufar

Gróður

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á gróður felast aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar. Svæðið sem framkvæmdir fara fram á er skilgreint sem tún og akurlendi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúruverndarstofnunar og eru áhrif á gróður því metin óveruleg.

Fuglar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla felast aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar og vegna truflunar á framkvæmdatíma.

Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi¹⁵ sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar er m.a. þétt varp ýmissa vaðfugla og þá dvelja farfuglar þar í hópum saman vor og haust og töluvert fuglalíf er á vetrum við auðar ár og vötn. Suðurlandsundirlendi hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs blesgæs og grágæs.

Nokkur svæði á Suðurlandsundirlendi eru á náttúruvinnjaskrá vegna votlendis eða fuglalífs, þar af tvö friðuð. Framkvæmdir fara ekki fram innan svæðis á náttúruvinnjaskrá og ekki er um að ræða votlendissvæði. Þá fara framkvæmdir fram á þegar röskuðu landi og því er ekki talin ástæða til að ætla að breytingar á svæðinu muni hafa áhrif á búsvæði fugla. Fuglar gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdatíma vegna hávaða en þar sem framkvæmdasvæðið er í nágrenni við athafnasvæði og Suðurlandsveg eru áhrif þeirrar truflunar metin minniháttar.

Vegna umfangs framkvæmda og staðsetningar, og þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda eru áhrif á fuglalíf metin óveruleg.

Jarðmyndanir

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir felast aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar.

Framkvæmdir fara fram innan svæðis þar sem jarðmyndanir einkennast af nútímahrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. grein náttúruverndarlaga. Samkvæmt greinagerð með frumvarpi til laganna kemur fram að nútímahraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða „hraunvistgerð“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Þessi lýsing á við um fyrirhugað framkvæmdasvæði sem er gróíð að mestu en hefur annars nú þegar verið raskað. Því má telja að verndarviðmiðið eigi ekki við á þessu svæði. Hraun sem sést á myndum 2.5 og 2.9 er utan framkvæmdasvæðis og mun ekki raskast.

Vegna umfangs framkvæmda og þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda eru áhrif á jarðmyndanir metin óveruleg.

4.1.4 Vatnsgæði og lífríki í vatni

Möguleg áhrif framkvæmda á vatnsgæði og lífríki viðtaka felast aðallega í þeim lífrænu og ólífrænu efnum sem berst með meðhöndluðu skólpi út í ána. Aukinn styrkur næringarefna í frárennsli getur haft áhrif á ýmsa líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti, þar með talið súrefni, svifþörungum, hryggleysingja og fiska.¹⁶

Unnið var áhrifamat vatnshlota fyrir framkvæmdina en niðurstöður þess má sjá í viðauka 1. Áhrifamatið var unnið í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011, um stjórna vatnamála, reglugerðar nr. 535/2011, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Mælingar á frárennsli sýna að hreinsun stöðvarinnar er í dag ekki fullnægjandi. Á framkvæmdatíma verður skert hreinsun á frárennsli með tilheyrandi tímabundnum áhrifum á líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti Varmár en ekki er gert ráð fyrir að ástand Varmár hnigni meðan á framkvæmdum stendur þar sem núverandi ástand Varmár er ekki viðunandi. Eftir að framkvæmdum lýkur mun afkastageta hreinsistöðvarinnar aukast og meðhöndlun skólps bætt. Mun það hafa jákvæð áhrif á ástand Varmár miðað við núverandi ástand, og þ.a.l. einnig á Ölfusárósa.

Ekki er fyrirhuguð frekari vatnstaka við framkvæmdina og því eru áhrif á magnstöðu grunnvatnshlots óveruleg.

¹⁵ [Suðurlandsundirlendi | Náttúrufræðistofnun](#)

¹⁶ Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019. Tillögur að líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum til ástandsflökkunar straum- og stöðuvatna á Ísland.

4.1.5 Fornminjar

Möguleg áhrif á fornleifar afmarkast af beinu raski við mannvirkjagerð. Framkvæmdir fara fram innan friðhelgaðs svæðis Sognstóftar. Tóftin er 7 X 5,5 m að stærð og er í nokkurri nálægð við framkvæmdir við aðrennislögnina frá Hveragerði. Ekki stendur til að hrófla við tóftinni og verður hún girt af á framkvæmdatíma. Haft verður samráð og sótt um heimild Minjastofnunar.

5 Niðurstaða

Í samræmi við viðmið sem sett eru fram í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana telur framkvæmdaraðili að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og skuli því ekki vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Þar sem mögulegt er að umhverfisáhrif verði neikvæð eru lagðar til mótvægisáðgerðir til að þess að draga úr áhrifum. Í samræmi við ofangreint og umfjöllun í þessari greinargerð eru helstu röksemdir eftirfarandi:

Eðli framkvæmdar

Áformað er að stækka skólphreinsistöðina í Hveragerði en það felst í endurbótum á núverandi hreinsistöð auk nýbyggingar til móts við eldri byggingu, um 390 m² að grunnflatarmáli. Þetta er gert til að mæta vaxandi íbúafjölda og atvinnustarfsemi auk þess sem núverandi hreinsistöð er komin yfir þolmörk.

Um er að ræða framkvæmd sem kemur til með að bæta ástand á svæðinu til framtíðar og draga úr áhrifum núverandi starfsemi. Áhrifa mun þó gæta meðan á framkvæmdum stendur en vegna fjarlægðar í næstu íbúðarbyggð verður ónæði á framkvæmdatíma með minnsta móti. Um er að ræða tímabundin áhrif.

Staðsetning framkvæmdar

Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og er svæðið ætlað til fráveitu Hveragerðisbæjar.

Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði og þar sem jarðmyndanir einkennast af nútímahrauni. Um er að ræða manngert svæði sem hefur þegar orðið fyrir raski vegna framkvæmda við núverandi hreinsistöð. Fuglasvæðið er mikið að umfangi og verndarviðmið þess snúa fyrst og fremst að þéttni varpi vaðfugla og dvöl farfugla á auðum ám, vötnum og kornökum. Ekki er talið að framkvæmdir á röskuðu svæði fráveitu muni hafa áhrif á verndargildi svæðis. Talið er að verndarviðmið nútímahrauns nái ekki til þessa svæðis.

Þá fara framkvæmdir fram innan friðhelgaðs svæðis fornleifa. Ekki stendur til að hrófla við minjum og verða þær girtar af á framkvæmdatíma. Haft verður samráð og sótt um heimild Minjastofnunar.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eru metin óveruleg og gæta þá helst á framkvæmdatíma á framkvæmdasvæði. Um er að ræða tímabundin áhrif.

Áhrif á rekstrartíma eru aðallega jákvæð og fela í sér bætt hreinsun á skólpi og minni áhrif á viðtaka en nú er.